

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Hrunamannahreppi.

Svanabyggð í landi Efra-Sels, Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 3. desember 2003 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Svanabyggðar í landi Efra-Sels.

Breytingin felst í því að tveimur frístundalóðum, Svanabyggð nr. 24 og nr. 25 er bætt við. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. desember 2003.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.